



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
9. fundur 2010 (18. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 17.12.2010 kl. 10 í Vegagerðinni, Borgartúni 7, Reykjavík.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Georg Friðriksson	Varnarmálastofnun

Auk þess sátu fundinn:

Jón B. Guðnason	Varnarmálastofnun
Björk Guðmundsdóttir (5. liður)	landslagsarkitekt

1. Túlkun Umhverfisstofnunar á reglugerð um hávaða nr. 724/2008

Lagt var fram leiðrétt svar Umhverfisstofnunar, dags. 19.11.2010, við erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Keflavíkurflugvallar, dags. 30.06.2009, um túlkun stofnunarinnar á ákvæðum reglugerðar um hávaða við flugvelli.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar

Lagt var fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 23.11.2010, þar sem tilkynnt er um staðfestingu ráðherra á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025.

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir fyrirhugaðri vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar. Stjórn ISAVIA mun skipa stýrihóp eftir áramótin til að vinna að gerð nýs aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Leitað verður eftir samráði við Varnarmálastofnun eða þann aðila sem taka mun við verkefnum hennar um samvinnu um skipulagsvinnu á öryggissvæðinu og flugvallarsvæðinu.

3. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndarinnar gerði grein fyrir framgangi vinnu við svæðisskipulag Suðurnesja. Meginvinnan að undanfögnu hefur annars vegar beinst að því að leitast eftir að skilgreina atvinnusvæði sem sveitarfélögin gætu staðið sameiginlega að, hugsanlega með þátttöku flugvallarins. Hins vegar hefur vinnan beinst að orkumálum og orkuvinnslu.



4. Frásögn af fundi með RUMSK

Guðmundur Björnsson og Guðlaugur H. Sigurjónsson greindu frá samráðsfundi sem þeir áttu með RUMSK (ráðgjafanefnd um skipulagsmál á Keflavíkurflugvelli) og Þórólfi Árnasyni, stjórnarformanni ISAVIA, þar sem farið var yfir samstarf skipulagsnefndarinnar og RUMSK. Eftirfarandi atriði komu fram á fundinum:

- Áhugi er á að efla samskipti skipulagsnefndarinnar og RUMSK þótt formlegur samskiptaaðili sé stjórn ISAVIA
- Stjórn ISAVIA hefur sett af stað vinnu við nýtt aðalskipulag flugvallarins. Mun stjórnin setja meginramma um vinnuna á næstunni. RUMSK mun halda utan um vinnuna og var rætt um að skipulagsnefndin og RUMSK hittust a.m.k. á þriggja mánaða fresti meðan á vinnunni stæði og e.t.v. sjaldnar eftir að henni lýkur
- Verklagsreglurnar um samskipti nefndarinnar og RUMSK voru skýrðar og óskað eftir viðbrögðum stjórnar ISAVIA
- Upplýst var að Varnarmálastofnun hefði sett af stað vinnu við endurskoðun aðalskipulags á öryggissvæðinu og mun ISAVIA leita eftir samstarfi við stofnunina um samræmingu í áætlanagerð milli svæðanna
- Ákveðið var að fá Stefán Gunnar Thors hjá VSÓ til að kynna vinnu við svæðisskipulag Suðurnesja fyrir stjórn ISAVIA og skipulagsnefndinni

5. Varnarmálastofnun Íslands – staða mála

Jón B. Guðnason, Varnarmálastofnun, og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt, ráðgjafi Varnarmálastofnunar, greindu frá vinnu sem Varnarmálastofnun hefur látið fara fram til að greina áhrif nálægrar byggðar í grannsveitarfélögunum og Keflavíkurflugvelli á starfsemi ratsjárstöðvarinnar H1 á Miðnesheiði.

Niðurstaða verkefnisins er innlegg í aðalskipulagsvinnu grannsveitarfélaganna og svæðisskipulagsins m.t.t. hæðar húsa og gerðar klæðingar á húsum.

Rætt var um vinnu við endurskoðun aðalskipulags B svæðisins, öryggissvæðis, en þeirri vinnu hefur verið frestað um sinn vegna óvissu sem stafar af niðurlagningu Varnarmálastofnunar.

6. Skipulagsmál í Reykjanesbæ

Lagt var fram bréf Reykjanesbæjar, dags. 03.12.2010, þar sem þakkaðar eru ábendingar og athugasemdir við auglýst aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008 – 2024, sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 27.11.2010 og auglýst var í Stjórnartíðindum þann 07.12.2010.

Bréfinu fylgdi einnig greinargerð og viðbrögð Reykjanesbæjar við athugasemdum skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

Guðlaugur H. Sigurjónsson gerði grein fyrir tillögu að færslu girðingar milli svæðis Kadeco og öryggissvæðis og gerð nýs vegar inni á öryggissvæðinu. Málið snertir ekki svæði skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar nema óbeint.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Fleira ekki gert, fundi slitið.